

# Stórir fletir og litaðir

Félagsskapurinn Íslensk graffik er að verða mannborulegri með hverju árinu sem líður enda orðinn sautján ára. Senn líður að því að hann taki út fullan þroska. Fyrir tveimur eða þremur árum var eins og unglingsveikin hefði sett mark sitt á félagið, menn hlupu útundan sér með duttlungafullum og skaplítlum myndum, virtust ekki gera nægar kröfur til sjálfra sín.

Nú er félagið hins vegar að rétta úr kútnum ef marka má myndarlega samsýningu þess að Kjarvalsstöðum. Þáttakendur eru hvorki fleiri né færri en þrjátíu en félagsmenn eru alls fjórutíu og einn talsins. Utan við félagið stendur síðan heil tylft ungra listamanna sem hefur ýmislegt markvert til íslenskra graffikmála að leggja. Því má ætla að rúmlega fimmtíu íslenskir listamenn leggi nú fyrir sig graffik í einhverjum mæli. Fyrir áratug voru starfandi graffiklistamenn milli fimmtán og tuttugu, ef ég man rétt.

Helstu einkenni á þessari samsýningu Íslenskrar graffikur eru aukin litagleði og stærri myndfletir sem gefa sterklega til kynna að lista-


mennirnir vilji nú komast í beint tilfinningalegt samband við okkur sem umgöngumst verk þeirra. Áður varð maður var við víska hlédrægni, jafnvel miðlunartregðu, í verkum margra íslenskra graffikera sem virkaði eðlilega fremur fráhrindandi.

## Heljarstökk

Nú er engu líkara en ákefð og afdráttarlaus tjáningarmáti yngri listamanna hafi smitað út frá sér og hrist upp í eldri graffiklistamönnum án þess þó að gera þá alla að „nýjum málurum.“

Nokkrir listamenn, sem um skeið hafa virkað fremur bældir í list sinni, taka nú allt í einu heljarstökk fram á við, sjá þau Ingunnur Eydal, Guðmund Ármann, Valgerði Bergsdóttur og Sigríð Valtingoer. Aðrir listamenn, sem lítið hafa haft sig í frammi á graffiksviði upp á síðkastið, koma á óvart fyrir vel ígrunduð og kröftug vinnubrögð: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Valgerður Hauksdóttir, Ásrún Tryggvadóttir, Friðrika Geirsdóttir og Vignir Jóhannsson.

Og svo halda margir „gömlu jaxl-



Aðalheiður Skarphéðinsdóttir - Kona og köttur á strönd, dúkskurður.

anna“ fullum dampi og sama góða kúrsum: Björg Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og þeir fóstbræður, Jón Reykdal og Þórður Hall.

Þar með er ekki sagt að öll sýningin sé í háum gæðaflokki. Inn á milli ágætisverka og „svona la-la“ verka má finna innantómar tæknilegar

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

fingraefingar, andlaust hjakk og stælingar, sem sýna að við eigum enn talsvert mikið ólært ef við ætlum að taka okkur sæti meðal sjálfstæðra þjóða í graffikinni.

Mestar breytingar hafa sennilega átt sér stað í verkum Ingunnar Eydal. Fremur uppstilltar og heimilislegar mannamyndir hafa vikið fyrir margræðum, þríhyrnum táknumyndum sem mynda umfangsmikla samstæðu á vegg.

Ég verð að játa að ég kann ekki á þau tákni sem listakonan beitir í þessari samstæðu og sé ekki í hendi mér hvað hið þríhyrnda form hefur fram yfir hið ferhyrnda í þessu samhengi.

Þó er einhvern ljúfan – og óræðan – skáldskap að finna í þessum myndum. Held ég.

### Ört vaxandi

Guðmundur Ármann er ört vaxandi graffiklistamaður. Litaðar dúkristar hans hér eru með því allra

besta sem hann hefur gert, djarflega stílfærðar en sannfærandi í allri útfærslu.

Valgerður Bergsdóttir rifur sig út úr þeim myrku smámyndum sem hún hefur verið að gera og raðar saman áprentuðum pappírstrímlum í stórar graffiskar hengimyndir sem virka eins og náttúrumyndir með tragísku yfirbragði.

Sigríð Valtingoer er hins vegar óumdeilanlega „stjarna“ þessarar sýningar með hárfinum og fáguduðum náttúrumyndum sínum þar sem landslagið er í æðra veldi án þess að tapa jarðneskri hrynjandi sinni.

Af öðrum verkum sem boða breytingar á íslenski graffik er rétt að geta um herjans miklar tréristur Vignis Jóhannssonar sem eru hressileg verk og blátt áfram. Þessi einkenni, blönduð tilfynndi, er einnig að finna í verkum nokkurra annarra graffiklistamanna af yngri kynslóð, til dæmis Daða Guðbjörns-sonar og Margrétar Jónsdóttur.

Landslagsstemningar Valgerðar Hauksdóttur slá einnig á nýja strengi hér á landi. Í stað þess að byggja myndir sínar á togstreitu forma og lita setur hún saman heillegar stemmur, fábrotnar í litum, sem virka sem heildir en ekki sem samsett verk.


### Samspil

Margt fleira mætti segja um einstök verk nokkurra annarra listamanna sem biða verður einkasýninga þeirra. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnst á nýtt og ansi metnaðarfullt verk eftir Eddu Jónsdóttur.


Það byggist upp á samspili sex einþrykkja á vegg og sex graffikverka í sama dúr sem komið er fyrir í plexigler-sívalningum á plexigler-stöllum fyrir framan veggmyndirnar. Listakonan stílar greinilega upp á samspil þessara tveggja þátta.

Ég er ekkert viss um að það samspil gangi upp. Sjálft plexiglerið er svo sterkt efni og truflandi að það aðskilur graffiksviturnar tvær í stað þess að tengja þær.


Á næsta ári verður Íslensk graffik bæði þátttakandi og gestgjafi á alþjóðlegri graffiksýningu sem haldin verður á Íslandi. Á þeirri sýningu verða margir helstu leiðtogar í alþjóðlegri graffik. Nú ríður á að taka á móti þeim af sömu kostgæfni og hinum pólitísku leiðtogum sem gista Ísland um helgina.



Sigríð Valtingoer - Landslag III, æting.



Vignir Jóhannsson - Mynst við íshafið, trérista.



Björg Þorsteinsdóttir - Í ljósaskiptunum, æting.